



Minnisblað - Aðdragandi og rökstuðningur fyrir tillögu skóla-, íþrótt- og tómsbundanefndar um lokun leikskólans Tanga

Frá árinu 2023 hefur Tangi verið starfræktur sem sjálfstæður leikskóli fyrir öll 5 ára börn á Ísafirði þ.e. börn sem eru á sínu síðasta leikskólaári. Áður var Tangi deild á leikskólanum Sólborg frá árinu 2019 stofnuð til að mæta aukinni þörf fyrir leikskólaláss

Á árinu 2025 bárust margar ábendingar frá foreldrum sem vörðuðu aðstæður, aðbúnað og starfsemi leikskólans. Í kjölfarið var ráðist í umfangsmikla greiningu á starfseminni, innra og ytra mat, sem og heildstætt mat á því fyrirkomulagi að reka sér leikskólaeiningu fyrir einn árgang í aðskildu húsnæði.

Úttekt Landsteymis Miðstöðvar menntunar og skólalþjónustu

Ísafjarðarbær óskaði eftir ráðgjöf Landsteymis Miðstöðvar menntunar og skólalþjónustu sem kom vestur á Ísafjörð og framkvæmdi úttekt á leikskólanum Tanga. Í úttektinni fólst m.a. samtal við starfsfólk og skoðun á aðstæðum. Foreldrar höfðu áður skilað inn sameiginlegri samantekt á upplifun sinni og ráðgjafar töldu því ekki ástæðu til að ræða sérstaklega við þá enda höfðu þeir flestir þegar sagt upp leikskólalássum.

Ráðgjafar landsteymis skiluðu af sér lokaskýrslu þann 13. júlí 2025. Helstu niðurstöður voru:

- Ólík upplifun foreldra og starfsmanna af starfinu.
- Úttektin fór fram rétt fyrir sumarleyfi þegar færri börn voru í húsinu en ella.
- Lagt var til að:
 - Skólanámskrá og starfsáætlun yrðu uppfærðar og starf rammað betur inn.
 - Framkvæmd yrði sérstök úttekt á foreldrasamstarfi.
 - Foreldraráð yrði starfrækt í samræmi við lög.

Viðbrögð við úttekt og úrbætur

Í kjölfar úttektarinnar var hafin vinna við skólanámskrá og var hún gefin út í desember 2025. Sett var á fót starfhæft foreldraráð og var fyrsti fundur haldinn í október 2025. Ráðist var í könnun meðal foreldra barna sem voru á Tanga skólaárin 2024-2025 og 2025-2026 og var Maskína fengin til að framkvæma hana dagana 10.-19. desember 2025. Voru foreldrar þá spurðir út í viðhorf og reynslu þeirra af Tanga. Einnig var gripið til ráðstafana til að mæta manneklu á leikskólanum m.a. með því að virkja faliðunaráætlun leikskólans og auglýsa eftir starfsfólki. Vegna manneklu um haustið 2025 þurfti að forgangsraða verkefnum og hluti af grunnvinnu við stjórnslu leikskólans (t.d. gerð skólanámskrár) hafði setið á hakanum.

Leikskólastjóri fór í leyfi í byrjun nóvember og þá tóku við bráðabirgðastjórnendur sem voru sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs og skóla- og sérkennslufulltrúi. Tíu börn fluttu þá aftur yfir á Eyrarskjól vegna manneklu á Tanga. Nýir bráðabirgðastjórnendur tóku svo við af sviðsstjóra og skóla- og sérkennslustjóra 4. janúar 2026 og tókst þeim að fullmanna stöðugildi leikskólans innan þriggja vikna.

Heildstætt mat á fyrirkomulagi 5 ára leikskólastarfs

Samhliða úrbótavinnu var hafið heildstætt mat á því hvort fyrirkomulag Tanga, ein sér starfsstöð fyrir einn árgang, væri til þess fallið að tryggja bestu faglegu og rekstralegu niðurstöðurnar. Meiri fjöldi foreldra óskaði eftir að fá val um hvort börnin þeirra fengju að halda áfram í sínum leikskóla í stað þess að flytjast á Tanga í eitt ár.

Niðurstaðan þess mats var sú að sterk fagleg rök stæðu til þess að 5 ára börn fengju að ljúka sinni leikskólagöngu á einum og sama leikskóla. Foreldrar bentu á að það væri krefjandi fyrir börn og fjölskyldur að fara í nýtt umhverfi fyrir eitt skólaár, sérstaklega þeir foreldrar sem eiga börn með miklar og krefjandi stuðningsþarfir.

Við matið var horft sérstaklega til faglegra og þroskafræðilegra atriða sem sneru m.a. að áhrifum aðlögunar að nýjum skóla á börn í viðkvæmri stöðu og til þess að foreldrar hafi raunhæft val um leikskólagöngu barns síns. Þá var jafnframt horft til þess að Tangi er rekinn í húsnæði Tónlistarfélags Ísafjarðar. Þó húsnæðið sé að mörgu leyti hentugt fyrir leikskólastarf þá er það orðið of lítið fyrir elstu börnin, sem fer fjölgandi með hverju árinu, og að lóð húsnæðisins er með öllu ógirt. Auk þess er ekki aðstaða fyrir mötuneyti þar og því hafa börnin borðað hádegismat í mötuneyti Grunnskólans á Ísafirði. Vegna fjölda barna sem borða þar hafa leikskólabörnin á Tanga aðeins fengið stuttan tíma til að borða eða um 15-20 mínútur.

Einnig varð að horfa til þess staðreyndar að mikil mannekla hefur valdið verulegu álagi á starfsemi leikskólanna, sérstaklega Tanga. Smærri einingar í sérstöku húsnæði eru mun viðkvæmari fyrir veikindum starfsmanna, forföllum, afleysingaþörf og ófyrirséðri yfirvinnu. Allt þetta eykur álag á stjórnendur og starfsmenn og leiðir til minni sveigjanleika í daglegri starfsemi. Þá ber að nefna að fjölgun barna með miklar stuðningsþarfir gerir reksturinn enn viðkvæmar og er þá hætta á ósamræmi í þjónustu við þau.

Rekstrarleg áhrif

Með því að hafa starfsemina sameinaða í tveimur leikskólum er hægt að nýta mannauð betur, deila sérþekkingu, tryggja markvissara skólastarf, auka sveigjanleika og draga úr kostnaði og rekstraráhættu. Áætlað er að heildarstöðugildum fækki um þrjú haustið 2026 við að hafa tvo leikskóla í rekstri í stað þriggja miðað við stöðugildaþörfina í dag.

Í lok síðasta árs þurfti að ráðast í markvissar aðgerðir til að ná stöðugleika í mönnun á leikskólanum Tanga. Þar sem skólinn hafði verið undirmannaður um töluverðan tíma þurfti að ráða inn fólk í þau stöðugildi sem leikskóli þurfti til að tryggja þjónustu við börn og foreldra. Þessar ráðningar voru nauðsynlegar, bæði faglega og til að tryggja öryggi og stöðugleika í starfi, en leiddu jafnframt til þess að rekstur Tanga fór fram úr samþykktri fjárhagsáætlun.

Aðgerðirnar hafa skilað sér í því að þjónustan á Tanga hefur verið stöðug síðustu þrjá mánuði og skólinn hefur ekki þurft að loka vegna manneklu á þessu tímabili. Þetta er mjög jákvætt faglega en hefur í för með sér að fjárhagsáætlun leikskólans stendur nú höllum fæti og hagræðing sem breytingin mun skila að fullu kemur því ekki fram fyrir en seint á þessu ári eða á næsta ári.

Þessi staða skýrir hvers vegna rekstrarlegir ávinningar tillögunnar birtast ekki strax, jafnvel þótt heildarhagræðing liggi fyrir í langtímaútreikningum.

Niðurstaða nefndar og fagleg rök fyrir breytingu

Á 39. fundi skóla-, íþrótt- og tómstundaneftndar þann 16. febrúar 2026 var mál tekið fyrir sem trúnaðarmál varðandi rekstur leikskólans Tanga. Lá fyrir nefndinni minnisblað sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs og skóla- og sérkennslufulltrúa, umbeðið að skóla-, íþrótt- og tómstundaneftnd, þar sem farið var yfir 4 sviðsmyndir í leikskólamálum á Ísafirði. Nefndin bókaði að „lagt yrði til við bæjarstjórn að fara leið 4, sem felur í sér að leikskólinn Tangi verði lagður niður sem sjálfstæð leikskólaeining og færanlegar einingar verði staðsettar við Sólborg og Eyrarskjól þar til varanleg lausn fæst í húsnæðismálum leikskóla. Nefndin telur að þessi leið leiði af sér minnstu mögulegu þjónustuskerðingu fyrir börn og foreldra. Helsti óvissuþátturinn í leikskólamálum er mönnun og mun nefndin áfram vinna að úrbótum í þeim málaflokki.“ Var þessi ákvörðun tekin með vísan til niðurstöðu úttektar Landsteymis, aðstæðna á húsnæði Tanga, mönnunarvanda og rekstraálags, faglegra sjónarmiða um samfellur og öryggi barna og heildstæðs mat á fyrirkomulagi leikskólastarfs 5 ára barna.

Tillaga til bæjarstjórnar

Skóla-, íþrótt- og tómstundaneftnd leggur til við bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar að rekstri leikskólans Tanga verði hætt frá og með 8. júlí 2026. Jafnframt leggur hún til að settar verði upp færanlegar leikskólaeiningar við Sólborg og Eyrarskjól frá og með hausti 2026 svo elstu leikskólabörnin geti verið áfram í sínum leikskólum án þess að tefja þurfi inntöku nýrra barna á leikskólana. Um tímabundna aðgerð er að ræða þangað til varanleg lausn fæst í húsnæðismálum leikskólanna á Ísafirði en tillögur starfshóps um leik- og grunnskólahúsnæði skilar lokaskýrslu sinni í apríl nk.

Tillagan byggist á heildstæðum faglegum og rekstrarlegum forsendum. Hún miðar að því að tryggja samfellu í leikskólagöngu barna, styrkja faglegt starf og nýta mannauð og rými innan leikskólakerfisins á skilvirkari hátt.